

Raftíðindi

4. tbl. 2010

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

Sumarhátíð S&N

Þann 7. maí sl. héldum við hjá Smith & Norland sumarhátíð fyrir viðskiptavinum til að fagna sumri. Allir starfsmenn tóku þátt í undirbúningnum með einum eða öðrum hætti. Rúmlega 300 viðskiptavinir komu og fögnuðu með okkur. Veðrið var gott og stemmingin afar góð. Boðið var upp á léttar veitingar og sá Siggi Hall, matreiðslumaður, um að gefa mönnum gott í gogginn. Sverrick Norland og hljómsveit léku ljúfa tóna og komu fólki í stuð. Í portinu úti voru tveir rafmagnsbílar til sýnis ásamt hleðslustandi frá einum birgja okkar, Rittal í Þýskalandi. Smith & Norland og Rittal fagna í ár 25 ára samstarfi og var því Rittal í forgrunni á þessum degi. Við þökkum viðskiptavinum okkar fyrir komuna á þessum degi og óskum þeim áframhaldandi ánægjulegs sumar. 🌐

Light+building 2010

Sjötta Light+building-sýningin í Frankfurt var haldin dagana 11. - 16. apríl. Um 2200 framleiðendur sýndu vörur sínar og rúmlega 180.000 manns sóttu sýninguna. Rauði þráðurinn í gegnum sýninguna voru nýjungar í LED (ljósvistum), orkusparandi lausnir og sjálfvirkni í rafkerfum. Siemens, Rittal, OBO BETTERMANN, Siteco, o.fl. voru þar!


Nokkrar nýjungar

frá OBO BETTERMANN
sem kynntar voru
á sýningunni:



Nýjar tengidósir í T-fjölskylduna.

Nú er hægt að fá dósirnar með innbyggðri togfestu og tengiklemmu og einnig með innbyggðum Schuko-tenglum eða Wieland-tengjum.



Nýtt samræmt útlit á
plast- og stálrennum, Rapid 80.



Ný gólf dós GES9-2U með nýrri og skemtmilegri opnun. Dýpt loksins er hægt að stilla fyrir 3, 5, 8 eða 10 millimetra, allt eftir gerð og þykkt gólfefnis. 🌐



Nýjung frá Rittal.

Vörulistar frá Fagerhult

Fagerhult hefur nú marga sérhæfða vörulista aðgengilega á netinu. Auk lampabúnaðar eru einnig upplýsingar um staðla og nýjungar sem ættu að vekja áhuga þeirra sem hafa áhuga á því nýjasta í heimi lýsingartækninnar. Vörulistarnir eru aðgengilegir í gegnum heimasíðu Smith & Norland. www.sminor.is/fagerhult.htm 🌐


ATH!



Þetta tákn vísar
á lifandi slóð.



Strenggegnumtök fyrir allt að 12 strengi, 9 mm til 16 mm að þvermáli. Varnarflokkurinn er hár, IP64. Sérlega hentugt fyrir strengi með tilbúnum tengjum. 🌐



Intertraffic Amsterdam 2010

„Intertraffic“ er vörumerki alþjóðlegra sýninga um flest sem tengist öryggi og stjórn umferðar. Þessar sýningar eru haldnar víða um heim. Í ár var sýningin í Amsterdam í Hollandi og í Beijing í Kína og á næsta ári hýsir Istanbul í Tyrklandi sýninguna (www.intertraffic.com). Sýningin í Amsterdam í Hollandi var sú tuttugasta í röðinni þar í borg en þar hefur hún verið haldin reglulega á tveggja ára fresti um áratuga skeið. Þessar sýningar hafa lengi verið með þeim fremstu á sínu sviði í heiminum. Þar koma saman öll fremstu fyrirtæki veraldar á þessu sviði og sýna framleiðsluvörur sínar og þar má fá gott yfirlit yfir allt sviðið og sjá hvert stefnir. Í ár var Intertraffic Amsterdam haldin dagana 23. - 26. mars. Alls tóku þátt í henni 806 sýnendur frá rúmlega 40 löndum. Starfsmenn sýnenda voru um 5200 og alls sóttu tæplega 18.000, frá flestum löndum heims, sýninguna. Það er því ljóst að framleiðendur og viðskiptavinir á þessu titölulega sérhæfða sviði leggja verulega áherslu á þessa sýningu...**sjá nánar hér**

CeBIT 2010

Alþjóðlega tölvu- og fjarskiptasýningin, CeBIT, er haldin fyrri hluta árs í Hannover í Þýskalandi og hefur svo verið síðan 1986. Fyrir þann tíma var



þessi sýning hluti af Hannover Messe rafmagnsiðsýningunni. Frá upphafi hefur CeBIT-sýningin skapað sér sess sem ein sú stærsta og mikilvægasta á sínu sviði í heiminum. Í ár var sýningin haldin dagana 2. til 6. mars sl. (www.cebit.de). Alls tóku þátt 4.157 fyrirtæki frá 68 löndum, þar af fimmtungur frá öðrum löndum en Þýskalandi. Sýningin þótti takast mjög vel og eins og alltaf voru nöfn Siemens, Kathrein, Gigaset, Rittal, o. fl. mjög áberandi. Teikn eru á lofti um endurreisn á þessu sviði eftir nokkra niðursveiflu undanfarin ár.

Næsta CeBIT-sýning verður haldin 1. - 5. mars 2011.

Hannover Messe 2010



Rafmagnsiðsýningin í Hannover í Þýskalandi á rætur sínar að rekja allt aftur til ársins 1948 þegar upphófst endurreisn þýsks iðnaðar eftir hamfarir seinni heimsstyrjaldarinnar. Frá upphafi hefur sýningin endurspeglad styrk og þrótt þýsks iðnaðar og seinni áratugina fengið á sig æ alþjóðlegri blæ og er í dag ein sú allra merkasta í heiminum á sínu sviði. Í ár var sýningin haldin 19. - 23. apríl sl. (www.hannovermesse.de). Að þessu sinni tóku þátt 4.800 sýnendur frá 64 löndum. Aðsókn að sýningunni minnkaði um 20% frá fyrra ári sökum takmarkana á flugi vegna ösku í háloftunum frá Eyjafjallajökli. Margir lögðu þó mikið á sig til að heimsækja sýninguna og á endanum var talan komin í 150.000. Sýningin var því talin góður varnarsigur fyrir þýskan iðnað á erfiðum tímum. Eins og alltaf voru nöfn Siemens, Rittal, Harting, Camille Bauer, Druseidt, Dehn, Fluke, Socomec o. fl. mjög áberandi.

Næsta Hannover Messe verður haldin 4. - 8. apríl 2011.



HM-leikur S&N

Við erum með lítinn leik á meðan á heimsmeistaramótinu í fótbolta stendur. Þátttakendur þurfa einungis að skrá það lið sem þeir telja að verði sigurvegari keppinnar. Í verðlaun er hinn raunverulegi HM-bolti, að verðmæti 20.000 kr., ásamt tuttugu og fimm tengidósum og þremur greinakössum (3, 12 og 24 greina) frá þýska fyrirtækinu Hensel. Úr réttum svörum verða dregnir út þrjú slíkir vinningar. Svör þurfa að berast í síðasta lagi 25. júní. **Skráðu lið þitt hér.**

SIEMENS

Fróðleikskorn

Siemens AG (höfuðstöðvar í Berlín og München) er alþjóðlegt og hátæknilegt rafeinda- og rafmagnsfyrirtæki og starfar á sviði iðnaðar-, orku- og heilbrigðismála. Í rúmlega 160 ár hefur nafnið Siemens staðið fyrir afburðatækni, þróun, gæði, áreiðanleika og alþjóðleika. Fyrirtækið er hið stærsta í heimi þegar kemur að tæknilausnum á sviði umhverfismála með nærri einn þriðja (23 milljarða evra) af tekjum sínum vegna umhverfissvæna vara og lausna. Fjárhagsárið 2009, sem lauk 30. september 2009, voru heildartekjur 76,7 milljarðar evra og tekjur fyrir skatta 2,5 milljarðar evra. Í lok september 2009 var heildarstarfsmannafjöldi um allan heim nálægt 405.000.



Hjólað í vinnuna

Dagana 5. - 25. maí stóð Íþrótt- og Ólympíu-samband Íslands fyrir vinnustaðakeppninni „Hjólað í vinnuna“. Starfsmenn Smith & Norland tóku þátt í flokki fyrirtækja með 30-69 starfsmenn en alls tóku 128 fyrirtæki þátt í þeim flokki. Þátttaka var rúmlega 50% en 25 starfsmenn hjóluðu, gengu eða tóku strætó að hluta til eða allan tímann. Fjórir starfsmenn tóku sig til og hjóluðu alla leið úr Reykjanesbæ. Náðist að bæta árangurinn verulega frá því í fyrra og höfnuðu starfsmenn í 35. sæti ef miðað er við fjölda daga og 11. sæti ef miðað er við fjölda kílómetra (samtals 2.183 km). Glæsilegur árangur!

Sumar 2010



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is